Reykjavík 3. júlí 1856.

Kæri tryggðavinur!

Nú er jeg enn búinn að búa um pakka til þín með 24 expl. af Olavius reikningsbók, eins fyrir 20ß, og hina fyrri; því ef þú ferð heima til að útgánga, eins og þú lætur í ljósi í brjefinu þínu að útliti fyrir, þá vil jeg það helzt, eins og þú skilur, að hún væri nóg til hjá þjer; jeg á þó enn eptir af henni nokkur expl., sem jeg geymi þjer og öðrum til næsta sumars.

Þú bæði sjerð og viðurkennir sjálfur í brjefinu þínu, að jeg sje óspar á bókum við þig, þeim sem jeg hef undir hendi. En láttu nú sjá vertu duglegur að selja fyrir mig aptur í staðinn, það verður að vera báðum okkur fyrir bezt, og við þurfum þess báðir við, að ná sem mestu inn til okkar. Þú getur þess í næsta brjefi, að þú mundir geta útvegað mjer fleiri af 1. ári Fjölnis, og er það sjálfsagt, að jeg gæti að einu leyti þegið máske ein 10 expl. til, ef jeg fæ þá jafnmörg (n.l. 10) af 6. (sjötta) ári, og þó það væri 20.